

Fundargerð

Skólaráðsfundur 31. mars 2022 kl. 14:10

Fundurinn var haldinn í risinu í Landakotsskóla einn meðlimur fylgdist með á Teams.
teams.

Fulltrúar nemenda, mættir voru: Yngsta stig: Bjössi og Hilmir. Miðstig: Kristjana og Bensi, Sveindís 6.bekkur, forfallaðist. Unglingastig: Vésteinn eða Ágúst.
Skilab

Fulltrúar starfsmanna, mættir voru;

- Louise Hazell A Harris, myndlistarkennari og enskukennari – fyrir hönd yngsta stigs,
- Hulda Signý Gylfadóttir, umsjónarkennari fimmta bekkjar – fyrir hönd miðstigs.
- Jolanta Paceviciené, stuðningsfulltrúi í 2. bekk – fyrir hönd annarra starfsmanna.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags, mættir voru:

- Anna Lísía Björnsdóttir, foreldri í 1. og 3. bekk - formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra.
- Kristín Benediktsdóttir, foreldri í 10. bekk – formaður stjórnar LKS, fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Ekki mættir: Riitta Anne Maarit Kaipainen, foreldri í 3. og 6. bekk - gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra.

Anna Maria Bogadóttir, foreldri í 4. og 7. bekk – meðstjórnandi foreldrafélags.

Dagskrá

1) Fundargerð frá síðasta fundi 30. september 2022. Fundargerð samþykkt

2) Skóladagatal Landakotsskóla 2022-2023 (með hugsanlegur breytingum sem berast frá skólaráði) Skóladagatal samþykkt með breytingum að tillögu skólaráðs, starfsdagur 10. maí færður fram til 19. maí til að koma til móts við óskir nemenda.

3) Nemendafulltrúar kynna efni fyrir hönd nemenda í Landakotsskóla.

YNGSTA STIG

Fundur var haldinn hjá fulltrúum yngsta stigs og vildu koma eftirfarandi á framfæri:

Þau voru sammála um að bekkjarfundir væru góðir ekki bara eftir e-h atvik heldur til að ræða margvísleg mál og á fundinum væru oftast fundnar lausnir.

Þau vildu hafa bekkjarfundi fasta á stundaskrá.

Þau notuðu líka boxin því það væri gott að setja ábendingu þar með eða án nafns, en boxin ekki opnuð nógu oft í 3. bekk.

Börnin voru flest ánægðust í sundi og íþróttum, leiklist, smíði og vísindi voru líka nefnd.

Þeim fannst gott að geta verið á gólfinu þar sem það er hægt og fyrir framan stofuna.

MIÐSTIG

Fundur með bekkjarfulltrúum í matsal 29. mars 2022

1. Um bekkjarfundi, bekkjarfundir eru í stundaskrá einu sinni í viku.

B group.

Bekkarfundir ganga mjög vel. Þeim finnst hugmyndaboxið gott og bekkurinn finnur sameiginlegar lausnir á vandamálum.

5. bekkur

Bekkjarfundir ganga mjög vel. Þeim finnst hugmyndaboxið mjög gott og ganga betur eftir að við förum að nota það. Bekkurinn duglegur að finna sameiginlegar lausnir á vandamálum. Fundir eru haldnir einu sinni í viku. Helmingur hugmynda er tekinn úr hugmyndaboxinu og farið yfir.

6. bekkur

Ganga vel, en alltaf verið að spyrja sömu spurninganna um fótoltavöllinn. Vilja fleiri bekkjarfundi. Margir sem skrifa bara bull í hugmyndaboxið, en hefur líka lagað sumt. Hafa lítið þurft að finna sameiginlegar lausnir, en gengur allt í lagi. Mikilvægt að nota hugmyndakassana markvisst.

7. bekkur

Bekkjarfundir ganga ágætlega. Það setur enginn neitt í boxið. Kvartað undan því að ekki fáist svör við því sem er sett í boxið sem þeim finnst skrítið því boxið er alltaf tómt. Finnst ganga vel að finna sameiginlegar lausnir á vandamálum.

C group.

Bekkjarfundir ganga vel, en eru of sjaldan. Þau vita ekki hvernig gengur með hugmyndaboxið því það er ekki opnað á bekkjarfundum.

2. Hvað er gaman að læra?

B group

Njóta mest skapandi kennslustunda. Humanities and Global English uppáhalds fög. Best að vinna í hljóðlátu umhverfi. Gott að byrja á að spyrja samnemendur og svo kennara. Gaman að vinna í þörum.

5. bekkur

Læra um Ísland og í skapandi greinum. Þægilegt að fá að fara fram að læra í rólegra umhverfi.

6. bekkur

Skapandi greinar, smíðar, textíl og þess háttar og samfélags- og náttúrufræði í stofunni. Best að vinna með einum öðrum eða í litlum hópum. Stundum best að vinna einn.

7. bekkur

Skemmtilegast í samfélagsgreinum. Aldrei hljóð í bekknum, en best að vinna þegar er vinnufriður.

C group

Skemmtilegast í vísindagreinum. Best að fá vinnufrið, of mikil læti í bekknum. Gott að fá að vinna í þörum.

Ingibjörg ætlar að minna á hugmyndaboxin að þau séu notuð reglulega.

UNGLINGASTIG

10. bekkur

Reglulegir bekkjarfundir ekki alltaf haldnir, þeir eiga að vera einu sinni í viku samkvæmt stundaskrá.

Hugmyndaboxið hefur einu sinni verið notað í 10. bekk. Þar var beðið um nýjan sófa og hann er kominn.

8. bekkur

Fleiri bekkjarkvöld, kom úr hugmyndaboxinu.

Ingibjörg: Ekki verður byggt við skólann.

Fá ístaðinn fjórar lausar stofur út á bílplanið og aðeins inn á leiksvæði yngstu barna.

Innangengt verður í aðalbygginguna.

Tímabundin hlið verða sett á bílplanið til að hindra umferð þar. Mikilvægt er að skilja bíla ekki eftir í gangi við skólann. Mikilvægt að láta Ingibjörgu vita ef fólk er með bíla í gangi eða leggur upp á gangstétt. Ingibjörg hringir í viðkomandi.

Mikil veikindi hafa verði í gangi bæði hjá nemendum og starfsfólki. Gekk vel að leysa málin.

Bílastæði Landakotsskóla neðar í Túngötu eru vandamál, þau eru eign kirkjunnar en Landakotsskóli hefur afnot af þeim. Ekki virðist hugsað um þau, engin ruslatunna, rusl út um allt. Aldrei mokað á veturna.

Meiri heimavinna er í Landakotsskóla en almennt í öðrum skólum. Nemendum í 10. bekk finnst gott að hafa lært að taka tíma af deginum til að gera heimavinnu.

Hafa lært mikið í ensku undanfarið ár. Kennslan og verkefni mjög fjölbreytt. Í síðasta tíma lásu þau grein um vatn. Skemmtilegt verkefni er að fá að velja eina mynd og skrifa um hana „non stop“ í klukkutíma.

Fundarstjóri er Ingibjörg, skólastjóri.

Fundarritari verður Anna Guðrún, verkefnastjóri.